

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 5. árgangur • 3. tölublað • nóvember 2009

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús



Bæjarstjóri fundar með nemendum Akurskóla

Á fundi sem Árni Sigfússon bæjarstjóri átti með nemendum skólans komu ýmsar snjallar hugmyndir fram. Nemendur komu með ábendingar um hvernig hægt er að gera bæinn okkar meira aðlaðandi fyrir börn og aðra íbúa. Má þar nefna að setja sjónauka og bekki við tjarnir og göngustíga, fuglahús með myndavél sem gerir okkur kleift að fylgjast með atferli fugla inni í húsinu og göngubré milli steinvarðanna Freys og Freyju sem myndi stytta vegalengdina milli Innri og Ytri-Njarðvíkur verulega. Á skólalóðina vildu börnin fá fleiri leiktæki eins og kastala, rólur, vegasalt og Parísvöll. Við Víkingaheima var rætt um að hafa landnámsdýr á svæðinu og lítið

rannsóknarsetur. Einnig kom hugmynd um að Stekkjarkot og Víkingaheimar yrðu nýtt til þess að kynna ákveðin tímabil í sögu lands og þjóðar. Gestir og gangandi fengju tækifæri til þess að kynnast störfum og lífi forfeðra okkar. Hugmyndir nemenda um nýtingu íþróttasvæðisins við Vatnaveröld snérust um þrautabrautir, skautasvell, „parkourvöll, paintballvöll og lasertag“ og ekki má gleyma svampgryfju í Toyotahöllina. Að lokum má nefna ósk sem flestir íbúar í Innri-Njarðvík eru sammála um en það er að sundlaugin verði opin fyrir almenning á kvöldin og um helgar. Við þökkum bæjarstjóranum og þeim sem stóðu að þessum fundi kærlega fyrir góðan fund.



Brúum bilið

Brúum bilið er samstarfs-verkefni milli Akurskóla og leikskólanna Holts og Akurs. Hugmyndin að baki verkefninu er að elstu börn leikskólanna komi í heimsókn og kynnist örlítið starfi skólans og verði þar af leiðandi öruggari og þekki námsumhverfi skólans þegar skólaganga þeirra hefst. Í október fóru 1. bekkingar í heimsóknir á leikskólana Holt og Akur. Mjög mikill spenningur var að fá að fara í heimsókn á gamla leikskólann sinn og hitta leikskólakennarana en ekki var síður spennandi að fá að heimsækja leikskólann sem þau höfðu ekki verið á. Í nóvember koma svo leikskólabörnin í heimsókn til okkar í Akurskóla og fá að taka þátt í hefðbundnu skólastarfi. Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, munu 1. bekkur og leikskólarnir hafa sameiginlega dagskrá og verið er að vinna í að fá rithöfund í heimsókn til okkar. Verður þá, í tilefni þess, unnið með bók eftir rithöfundinn bæði í skólanum og á leikskólunum. Í tilefni þorrans verður haldin sameiginleg þorrapemavika líkt og var gert í fyrra.





Akurskóli á iði

Í Akurskóla er göngu- og útivistarhópur sem kallast Akurskóli á iði og stendur hann fyrir áhugaverðum gönguferðum um Reykjanes á hverju skólaári. Í fyrstu ferðinni í haust var gengið um Selatanga en þar er hin forna verstöð Krýsuvíkurbænda, Ísólfskálabænda og Skálholtsdómkirkju. Selatangar hafa gefið af sér ýmis ævintýri, skrímsla- og draugasögur sem og sagnir af álfum og tröllum. Í annarri ferð hópsins var gengið um Hópsnesið. Þar hafa orðið skipskaðar og var gengið fram á skipsflökin og framhjá Þórkötlustaðarvita.

Sunnudaginn 11. október var skipulögð hellaskoðunarferð, þar sem lagt var af stað frá Akurskóla um kl. 11:00 og komið heim um kl. 14:00. Ferðin tókst í alla staði mjög vel. Veðurguðirnir tóku þátt í þessu með okkur, með því að hafa veðrið einstaklega gott þennan dag. Þátttaka hefði mátt vera meiri, en í ferðinni voru 17 manns. Keyrt var áleiðis til Grindavíkur, bílunum lagt á miðri leið og labbað út í hraunið með nesti, hjálma og vasaljós í farteskinu. Alls konar hellar urðu á vegi okkar, stórir, litlir, víðir og mjóir. Hægt var að ganga í gegnum suma þeirra með lítilli fyrirhöfn en sá sem vakti mesta athygli var án efa „Holan.“ Þar þurfti að troða sér niður í gegnum lítið gat og það var alls ekki fyrir alla, en flesta. Parna niðri var ýmislegt að sjá, hellirinn var á tveimur hæðum, sums staðar var vítt til veggja en annars staðar þurfti að skríða. Á heimasíðu Akurskóla er hægt að sjá myndir sem voru teknar inni í honum og myndir úr ferðinni. Göngufólk var sammála um að þau hefðu alls ekki viljað missa af þessu, frábært framtak.

Forvarnar- og heilsuvika

Akurskóli tók þátt í forvarnar- og heilsuviku bæjarins í lok september. Ýmislegt var gert til að vekja athygli á lýðheilsu og hvernig við getum stuðlað að heilbrigði með hreyfingu, hollu mataræði og með því að hafa skynsemina í fyrirrúmi. Kristján lögregluþjónn heimsótti nemendur yngsta stigs og fræddi þá um umferðarreglur, mikilvægi endurskinsmerkja í skammdeginu og notkun reiðhjólaljálma. Þá fengu nemendur 4. bekkjar að sjá sýninguna Krakkarnir í götunni og er markmiðið með sýningunni að auka skilning barna á kynferðislegu ofbeldi. Nemendur 9. bekkjar fengu að kynna því hvernig það er að vera foreldri ungabarns. Þau fengu brúðu að láni yfir eina helgi sem hermir eftir atferli ungabarns. Þau stóðu sig öll með sóma en markmiðið er fyrst og fremst að fækka þungunum hjá ungum stúlkum. Erlingur frá Lundi heimsótti einnig unglingana og ræddi um mikilvægi ábyrgðar á eigin lífi og hvernig við getum stjórnað því sjálf. Þá tóku allir nemendur skólans þátt í Norræna skólahlaupinu.

Hver og einn þátttakandi mátti ráða sínum hraða en allir þurftu að komast a.m.k. einn hring í kringum skólann sem er 2,5 km að vegalengd. Metnaðurinn var mjög mikill og margir fóru fleiri en einn hring. Þá voru krakkarnir duglegir að nota skólalóðina og þessa nýju og glæsilegu íþróttavelli til útileikja. Að lokum má geta þess að stúlkurnar okkar unnu hið árlega fótboltamót stúlkna í grunnskólum Reykjanesbæjar sem fram fór í Reykjaneshöllinni 21. september. Drengirnir okkar náðu ekki jafn góðum árangri en betur má ef duga skal.



Úrtökumót fyrir Skólahreysti

Fimmtudaginn 15. október tóku elstu nemendur Akurskóla þátt í úrtökumóti fyrir Skólahreystimótið 2010. Margir skráðu sig til leiks og fóru rúmlega 20 nemendur í 8.-10. bekk í gegnum þrautirnar. Strákarnir kepptu í upphífungum, dýfum og fitnessbraut. Stúlkurnar kepptu hins vegar í armbeygjum, hreystigreipi og fitnessbraut. Keppendur stóðu sig með stakri þrýði og árangurinn var mjög góður. Fimm stúlkur og fimm strákar komust áfram en annar niðurskurður verður 19. nóvember þar sem keppnisliðið verður valið. Nemendurnir



sem komust áfram eftir úrtökumótið verða því að vera duglegir að æfa sig fram að næsta niðurskurði þar sem keppnin er afar hörð þetta árið. Þeir 10 sem komust áfram eru Aníta Rut og Magnea í 8. bekk, Sigfús, Ólafur Rúnar og Adam Þ. í 9. bekk og Sara S, Eva Lóa, Ólöf S., Daníel H og Aron í 10. bekk.

KENNARAKYNNING



Ingigerður Sæmundsdóttir er nýr kennari í Akurskóla, umsjónarkennari 10.bekkjjar. Hún kennir íslensku og stærðfræði.

Ég útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands fyrir 12 árum með stærðfræði og íslensku sem aðalfög. Ég hef síðan þá lært ýmislegt á sviði tölvu- og upplýsingatækni í KHÍ og siðfræði og heimspeki í HÍ. Ég er fædd og uppalin í Njarðvíkunum, er gift og á þrjú börn og eitt barnabarn. Ég flutti í Mosfellsbæ þegar ég var 23 ára og bjó þar með fjölskylduna í 13 ár þar til við fluttum aftur í Njarðvík. Ég hef kennt í tíu ár, aðallega stærðfræði, lífsleikni og upplýsingatækni.

Í Akurskóla er frábært starfsfólk, skemmtilegir og duglegir nemendur og það er gott að koma í skólann. Ég á mér þann draum að allir nemendur finni hvað þeir eru velkomnir í skólann og reyni að fá það mesta og besta út úr námi sínu. Það er svo gaman að kveðja nemendur í lok dags eftir vel heppnaða kennslu. Kennsla er vel heppnuð þegar nemendur leggja sig fram og gera sitt besta og kennarinn nær að efla áhuga og færni þeirra á viðfangsefninu. Það er líka gott að sjá nemendur brosa út í annað eða bæði.

Þegar ég var 18 ára þá fór ég sem skiptinemi til Minnesota í Bandaríkjunum. Skiptinemadvölin var lærdómsrík. Ég fékk reynslu af að tala fyrir hóp fólks og fara í fjölmiðlaviðtöl.

Ég hélt 16 fyrirlestra um Ísland, var með myndir og veggspjöld sem ég útbjó og hengdi upp, þá voru engar tölvur. Til að eignast vini í Sleepy Eye High School þá æfði ég blak og körfubolta, fór í skólalúðrasveitina og í trompetkvartert sem keppti víða. Vinirnir frá Sleepy Eye eru enn til staðar rúmlega tuttugu árum síðar. Með tilkomu netsins er fjarlægðin til þeirra ekki svo löng.

Ég á mörg áhugamál og er í ýmsum félagasamtökum. Núna er ég formaður Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar. Soroptimistar eru alþjóðleg samtök sem hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna. „Soroptimistar hvetja til jafnræðis og jafnréttis; skapa öruggt og heilsusamlegt umhverfi; auka aðgengi að menntun; efla leiðtogaþæfni og hagnýta þekkingu til sjálfbærrar framtíðar.“ Ég er mjög stolt af þessum góðu samtökum og verkunum sem við vinnum að í alþjóðasamfélaginu.

Nemendur í Akurskóla setjið ykkur markmið og takið eitt skref í einu. Grunnskólaganga ykkar er mikilvæg hér og nú. Látum skólaárið 2009-2010 vera ár góðra skólaminninga og góðra verka. Leggið ykkur fram við að eignast vini og vera vinir.

NEMENDAKYNNING



- 1.Nafn: **Aníta Sól**
- 2.Uppáhalds litur: **Blár**
- 3.Uppáhalds matur: **Pizza**
- 4.Uppáhalds bók: **Engin**
- 5.Bestu vinir: **Lára Björk, Ólöf og Sara.**
- 6.Hver er kennarinn þinn: **Ingigerður**
- 7.Ertu að æfa eitthvað: **Nei**
- 8.Áttu systkini: **Já, Alexöndru M., Hákon og Björgvin.**
- 9.Hvað finnst þér skemmtilegast að gera: **Vera með vinum mínum**
- 10.Hvað ætlarðu að verða þegar þú verður stór: **Ljósmyndari.**



1. Nafn: **Olga Nanna Corvetto.**
2. Uppáhalds litur: **Fjólublár.**
3. Uppáhalds matur: **Tacoz.**
4. Uppáhalds bók: **Við lesum b.**
5. Besti vinur: **Lena.**
6. Hver er kennarinn þinn: **Erna.**
7. Ertu að æfa eitthvað: **Sund.**
8. Áttu systkini: **Eitt.**
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera: **Synda**
10. Hvað ætlar þú að vera þegar þú verður stór: **Söngkona.**

Höfundar: Alexandra Marín Sveinsdóttir og Valdís Lind Valdimarsdóttir.



FJÖLMENNING

Þemavika var í Akurskóla 5. – 9. október. Yfirskrift þemavikunnar var Fjölmenning kynntu nemendur sér fjölbreytileika landa og mannlífs í heiminum. Viðfangsefnið var afar áhugavert og afrakstur þemavikunnar mjög góður hjá nemendum eins og myndirnar bera með sér.





Legokeppni

Akurskóli tekur þátt í Legókeppni *First lego* sem fram fer laugar-
daginn 7. nóvember og verður
haldin í Keili hér í bæ í fyrsta
skiptið, en áður hefur hún verið
haldin í náttúrufræðihúsi HÍ. Yfir 20
nemendur skráðu sig í liðið en eins
og gengur og gerist þá hafa ekki
allir tíma þótt áhuginn sé til staðar
og sem stendur eru 12 keppendur
í liðinu. Ætlunin er að þeir verði
10 þegar að keppninni er komið.
Nemendur leysa þrautabraut með
forrituðu vélmenni úr legókubbum.
Auk þess að leysa þrautirnar, skiptir



liðsandi og verkefni um samgöngur
miklu máli. Nemendur nálgast
samgöngur á umhverfissvænan
hátt og hafa meðal annars tekið
viðtal við Árna bæjarstjóra til að
spyrjast fyrir um strætósamgöngur
og hvernig bærinn hyggst stuðla
að umhverfissvænni samgöngum í
fram tíðinni.

Útíkennsla og umhverfis- dagar í Akurskóla

Útíkennsla í Akurskóla er sífellt
að aukast, nemendur og kennarar
eru smám saman að læra að
nýta umhverfið og náttúruna í
námi og kennslu. Kennarar hafa
fengið leiðsögn í útíkennslu og
nú þegar er hafin vinna við stórt

þróunarverkefni með nemendum sem
verður kynnt foreldrum sérstaklega
á námsmatsdaginn 23. nóvember
næstkomandi. Verkefnið verður
áberandi í skólastarfinu þegar líður á
veturinn og svo hefst verkleg vinna í
vor. Ekki missa af kynningunni á sal
skólans á námsmatsdaginn!

Umhverfis dagar voru haldnir 1.
og 2. október en þá fóru nemendur
og kennarar út og hreinsuðu
strandlengjuna frá Kópu að
Víkingsheimum. Næsta vor munum
við halda umhverfis daga hátíðlega,
virkja foreldra og íbúa og enda
daginn með grilli og samveru.





Ragna Finnsdóttir er umsjónarkennari 1. bekkjar í Akurskóla.

Ég heiti Ragna Finnsdóttir og byrjaði að kenna við Akurskóla árið 2008. Þá um sumarið flutti ég og dóttir mín norðan úr Aðaldal og hingað í Reykjanesbæ. Ég kenndi í 10 ár við lítinn sveitaskóla sem heitir Hafralækjarskóli og er í Aðaldal. Í skólanum voru ekki nema 60 krakkar síðasta veturinn sem ég kenndi þar og þeim fer fækkandi. Einu sinni var þessi skóli heimavistarskóli en nú eru þeir ekki lengur til á landinu. Sá síðasti var Reykir í Hrutafirði en nemendur í 7.

bekk og eldri kannast helst við hann vegna skólaferðalaga þangað.

Eftir að ég byrjaði í Akurskóla hef ég verið umsjónarkennari 1. bekkjar og finnst það alveg frábært. Fyrir norðan kenndi ég nemendum upp í 7. bekk en öllum nemendum skólans heimilisfræði.

Helstu áhugamál mín eru útivera og íþróttir. Ég stunda mikið stafgöngu og hjóla þegar hjólið mitt er í lagi. Í Innri-Njarðvík eru ótrúlega flottir stígar sem auðvelda alla útiveru, hvort heldur göngu,

skokk eða hjólreiðar. Svo er líka mjög skemmtilegt að taka þátt í verkefninu Akurskóli á iði, þá er stelpa mín líka með. Í síðustu ferð skoðuðum við hella sem eru mjög víða í Grindavíkurhrauni.

Akurskóli er mjög ólíkur skólanum sem ég kenndi við, mun fjölmennari og að sjálfsögðu stærri, hann er líka í þéttbýli en Hafralækjarskóli í dreifbýli. Fyrir mig sem kennara er afar dýrmætt að búa yfir reynslu af þessum tveimur ólíku skólum og gerir starf mitt ánægjulegra.



Bók er gulls ígildi

Allt frá stofnun skólans hafa foreldrar og aðrir íbúar Reykjanesbæjar fært okkur bækur að gjöf og nú í haust hafa okkur borist rausnarlegar bókagjafir. Okkur langar til þess að þakka þeim kærlega fyrir sem hafa komið færandi hendi og gefið skólanum bækur. Þessar góðu bækur eru svo sannarlega gulls ígildi.

Gætum að hvar við stöðvum bíla við skólann

Eins og allir vita þá skapast mjög mikil slysaætta þegar foreldrar hleypa börnum sínum út úr bifreiðum við Skólabraut. Við höfum tekið eftir að mjög margir foreldrar hafa orðið við beiðni okkar um að stöðva bifreiðar í hringnum við aðalinngang skólans og við íþróttahúsið. Um leið og við þökkum ykkur fyrir að bæta öryggi barnanna í Akurskóla þá viljum við minna alla á að virða rétt fatlaðra og leggja ekki í bílastæðið sem er sérstaklega merkt fyrir þá, beint fyrir framan dyrnar við aðalinnganginn.

KORNID
Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson

www.akurskoli.is

Við minnum á ...

að tilkynna ber daglega forföll nemenda. Síminn á skrifstofu skólans er **420-4550**.